

Bæjarráð Garðabæjar
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík 02.09.2019

Á stórnarfundi SORPU bs. í dag (2. september 2019) var eftirfarndi fært til bókar, vegna breyttrar fjárfestingaáætlunar og vegna lántöku upp á 990 milljónir króna hjá Lánasjóði sveitarfélaga, vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar og kaupa á tækjabúnaði:

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að endurskoðaðri fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun fyrir árið 2019-2023. Jafnframt lögð fram greinargerð/minnisblað um breytingar á fjárfestingaráætlun og breytta fjármögnun. Jafnframt lagt fram minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaganna um sama málefni.

„Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 990 mkr., til 15 ára. Er lánið tekið til að fjármagna viðbótarkostnað við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi, ásamt nauðsynlegum tækjabúnaði. Verkefnið fellur undir lánsþæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.


Jafnframt er Birni H. Halldórssyni, kt. 241262-5299, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SORPU bs., að undirrita lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs, þ.e.a.s. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykktum sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins.“

Hér með er óskað eftir formlegri samþykkt sveitarstjórnar fyrir lántökunni í samræmi við kröfur sjóðsins.

Meðfylgjandi eru drög sjóðsins að orðalagi samþykktar sveitarstjórnar ásamt breyttri fjárfestingaáætlun, greinargerð/minnisblað undirritaðs um málefnið, minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaganna um málefnið og kjör þess láns sem sótt hefur verið um til Lánasjóðs sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,
f.h. SORPU bs.


Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri